

Starfslýsing, hraðlína

Starf

Umsjón með hraðlínu

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Starfshlutfall

8 klukkustundir á mánuði á starfstíma skólans

Tilgangur og markmið starfs

Annast inntöku nemenda á hraðlínu ásamt stjórnendum skólans og halda utan um kynningar og upplýsingar varðandi línuna

Helstu verkefni

- Kynnir hraðlínuna, t.d. með kynningarfundi og veitir upplýsingar um námsleiðina og uppfærir upplýsingar á vef skólans.
- Annast, ásamt skólastjórnendum, inntöku nemenda, samskipti við skólastjórnendur í grunnskólum og annað sem lýtur að inntökunni.
- Sér, ásamt umsjónarkennurum, um foreldrasamstarf og viðtöl við nemendur og foreldra/forráðamenn.
- Hefur umsjónarfund að jafnaði einu sinni í mánuði með hraðlínunemendum.

Ábyrgð

Umsjónarmaður hraðlínu ber ábyrgð á utanumhaldi um kynningar og inntöku nemenda á hraðlínu og hefur yfirumsjón með nemendunum. Hann skal vinna verk sín af trúmennsku og í góðu samstarfi við samstarfsfólk. Hann skal sjá um að verkefni séu vel af hendi leyst, þau séu í samræmi við stefnu skólans, lög og reglugerðir ásamt öðrum reglum sem skólinn setur sér og starfsmönnum sínum.

Menntun, reynsla og hæfni

Uppfylla kröfur um kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla. Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Starfslýsing, hraðlína

Annað

Þeim sem hefur umsjón með hraðlínu er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttssýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er umsjónarmanni hraðlínu að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en umsjónarmaður hraðlínu stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Þeim sem hefur umsjón með hraðlínu er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.